

Lög SAMFOK, samtaka foreldra grunnskólabarna í Reykjavík.

1.gr. Heiti félagsins og varnarþing

Félagið heitir SAMFOK, samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2.gr. Tilgangur

Tilgangur samtakanna er:

- a) að standa vörð um réttindi barna til menntunar og þroska,
- b) að beita sér fyrir auknum áhrifum foreldra á skólastarf,
- c) að vera sameiginlegur málsvari foreldra gagnvart stjórnvöldum,
- d) að efla samstarf aðildarfélaganna og annast sameiginleg verkefni

Unnið skal að tilgangi samtakanna meðal annars með því:

- a) að fylgjast með framkvæmd grunnskólalaga og aðalnámskrár og beita sér sér fyrir umbótum í skólastarfi,
- b) að afla reglulega upplýsinga um starf foreldrafélaga og fulltrúa foreldra í skólaráði og miðla þeim,
- c) að stuðla að opinberri umræðu um skóla- og uppeldismál, m.a. með ársþingum, félagafundum, málþingum, ráðstefnum, greinaskrifum og myndun starfshópa,
- d) að starfa með öðrum samtökum og félögum sem sinna málefnum barna og foreldra.

3.gr. Félagsaðilar og félagsgjöld

Rétt til aðildar að SAMFOK eiga foreldrafélög í grunnskólum Reykjavíkur og í gegnum þau allir foreldrar grunnskólabarna í Reykjavík. Foreldrafélögin greiða árgjald sem ákveðið er á aðalfundi og er miðað við eitt árgjald á hvern skóla.

4. gr. Fulltrúaráð

Fundur skal haldinn samkvæmt ákvörðun stjórnar eða að kröfu tíunda hluta fulltrúaráðsmanna. Formenn foreldrafélaga grunnskóla Reykjavíkur og fulltrúar foreldra í skólaráði skipa fulltrúaráð SAMFOK. Þeim er heimilt að senda varamann úr stjórn foreldrafélags eða skólaráði í sinn stað. Fulltrúaráðið kemur saman a.m.k. tvisvar á ári og oftari ef þurfa þykir. Fulltrúaráðsfundur að vori er jafnframt aðalfundur SAMFOK.

Hver fulltrúaráðsmaður á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fulltrúaráðsfundi ef hann gerir skrifleg kröfu um það til stjórnar a.m.k. fjórum dögum fyrir boðaðan fulltrúaráðsfund. Meiri hluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á fulltrúaráðsfundum nema annað sé ákveðið í samþykktum þessum.

5.gr. Aðalfundur SAMFOK

Aðalfundur SAMFOK skal haldinn fyrir 1. júní ár hvert. Til aðalfundar skal stjórnin boða með sannanlegum hætti með minnst 8 daga fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Á dagskrá aðalfundar skal m.a. vera::

1. skýrsla stjórnar,
2. skýrsla áheyrnarfulltrúa foreldra í menntaráði Reykjavíkur,
3. skýrslur nefnda
4. reikningar lagðir fram,

5. árgjald ákveðið,
6. lagabreytingar,
7. kosning formanns og annarra stjórnarmanna,
8. kosning áheyrnarfulltrúa og varaáheyrnarfulltrúa í menntaráð Reykjavíkur
9. kosning skoðunarmanna reikninga.
10. Önnur mál.

Allir foreldrar grunnskólabarna í Reykjavík eiga rétt á setu á aðalfundi með málfrelsi og tillögurétti. Vægi atkvæða er eitt frá hverju foreldrafélagi og eitt frá hverju skólaráði. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála, sbr. þó 8.grein.

6.gr. Stjórn

Stjórn SAMFOKS skal skipuð a.m.k. sjö foreldrum grunnskólabarna í Reykjavík. Stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára í senn, þrír stjórnarmenn annað árið og þrír hitt. Formaður er kosinn á aðalfundi en að öðru leyti skiptir stjórn með sér verkum og velur a.m.k. varaformann og gjaldkera. Kjörtímabil er tvö ár. Hver stjórnarmaður getur að hámarki setið tvö kjörtímabil samfleytt í stjórninni. Hver formaður getur að hámarki starfað tvö kjörtímabil samfleytt.

Stjórn félagsins getur ráðið framkvæmdastjóra til að sinna daglegum rekstri félagsins í umboði stjórnar. Stjórnin skal gera skriflegan ráðningarsamning við hann þar sem m.a. er kveðið á um ábyrgð, helstu verkefni og starfsskyldur og umboð hans til meðferðar á málefnum SAMFOK í nafni stjórnarinnar. Samþykki stjórnarfundar þarf fyrir öllum meiriháttar skuldbindingum og eignabreytingum.

Stjórn félagsins tekur nánari ákvarðanir um starfsemi félagsins og ber ábyrgð á fjárreiðum þess. Ef framkvæmdastjóri er ráðinn skal hann sjá til þess annast um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Stjórn félagsins skuldbindur félagið gagnvart öðrum aðilum og er undirskrift formanns nægileg til þess. Ef framkvæmdastjóri er ráðinn getur hann komið fram út á við fyrir hönd félagsins og skuldbundið það í málum sem eru innan verksviðs hans samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

Stjórnarfundur er ályktunarfær ef meiri hluti stjórnarmanna sækja fund. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Nú eru atkvæði jöfn og ræður þá atkvæði formanns (varaformanns) úrslitum. Gerðir stjórnarinnar skulu bókfærðar.

7. gr. Fulltrúi foreldra í skóla- og frístundaráði Reykjavíkur

Kjósa skal fulltrúa foreldra til setu í skóla- og frístundaráði Reykjavíkur og einn til vara. Fulltrúinn skal koma úr hópi stjórnarmanna eða framkvæmdastjórn félagsins. Fulltrúi foreldra starfar eftir erindisbréfi sem samþykkt er á aðalfundi.

8.gr. Nefndir og starfshópar

Aðalfundur, fulltrúaráð og stjórn geta skipað nefndir eða starfshópa til að vinna að undirbúningi og framkvæmd tiltekinna verkefna eða öðrum sérstökum málum sem upp kunna að koma.

9.gr. Reikningar félagsins og reikningsár

Reikningar skulu áritaðir af skoðunarmönnum samtakanna. Reikningsár félagsins er frá .1. janúar til 31. desember.

10.gr. Breytingar á samþykktum og félagsslit

Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi með samþykki 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna, enda hafi tillögur um lagabreytingar verið kynntar í fundarboði. Breytingatillögurnar verða að berast stjórn fyrir 10. febrúar ár hvert.

Ákvörðun um slit félagsins verður einungis tekin á aðalfundi eða auka aðalfundi og þarf samþykki tveggja þriðju hluta fundarmanna. Sé ákveðið að slíta félaginu skal jafnframt tekin ákvörðun um hvert eignir félagsins renna, ef einhverjar verða.

SAMÞYKKT Á AÐALFUNDI SAMFOK 21 . maí 2013